

Fundur í Atvinnu-, menninga- og ferðamálanefnd, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar mánudaginn 3. júní og hófst kl 17:00.

Mættir: Karen, Stefán, Gréta og Þórir.

1. Nefndin las yfir erindisbréf nefndarinnar frá sveitarstjóra sem samþykkt var í sveitarstjórn 23.05.2013. Nefndin hefur engar athugasemdir við erindisbréfið.
2. Nefndin ákvað að senda stutt bréf á atvinnurekendur til að minna á nefndina og óska eftir erindum eða ábendingum til umfjöllunar.
3. Umfjöllun um tillögur að því hvernig fjárhæð í styrkvegi skuli ráðstafað. Nefndin er sammála um eftirfarandi forgangs röðun á verkefnum:
 - Skoruvík – Fontur
 - Heiðarfjall
 - Öxarfjarðarheiði

Með vaxandi umferð ferðamanna- og heimamanna út á Font er mikilvægt að leggja áherslu á leiðina og leggur nefndin til að Langanesbyggð leggi svipaða fjárhæð á mótí framlaginu. 2,5 milljónir duga skammt ef við viljum sjá framfarir á þessum vegum, við teljum að mótframlag sé nauðsynlegt.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn beini því til við Vegagerðarinnar að þeir haldi Öxarfjarðarheiði inni á áætlun með heflun á hverju vori. Öxfirðingar eru að hefja part af heiðinni sín megin.

4. Kátir dagar.

Nefndin ræddi Káta daga og þykir útséð með að engin hátíð verði í ár, alla vega hefur enginn gefið sig fram með áhuga á að standa fyrir hátíðinni. Nefndin er sammála um að koma þurfi á rekstrarformi fyrir hátíðina sem myndi tryggja að hægt væri að halda hátíðina á hverju ári.

Hugmyndin er að hagsmunaaðilar / fyrirtæki á svæðinu og sveitarfélagið sameinist um að stofna sjóð fyrir hátíðina og auglýst verði eftir framkvæmdastjóra í undirbúningsvinnuna.

Nefndin stefnir á að kalla saman þessa aðila og kanna hvort áhugi sé á að koma þessu fyrirkomulagi á fyrir sumarið 2014.

Fleira ekki gert

Fundi lokið kl. 18.30